

**REGLUGERÐ****202**

25. nóv.

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Suðureyrarkauptúni,  
nr. 156 20. nóv. 1946.

3. gr. orðist svo:

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum, er standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá sem hér segir:

- a. 1% af fasteignamati, lágmarksgjald skal þó vera 50 krónur á hverja íbúð.
- b. Fast gjald á hverja íbúð fram yfir eina 15 krónur. Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Elísabetarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 29. nóvember 1960. **203**  
29. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Elísabetarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Elísabetarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Elísabetu Ingvarsdóttur, sem fæddist 20. júlí 1955. Stofnendur sjóðsins eru hjónin Sigríður Guðmundsdóttir og Ingvar Helgason. Stofnframlag sjóðsins er kr. 3000.00.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

4. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10 000.00. Eftir það má verja  $\frac{1}{10}$  hluta ársvaxta og öllu því fé, er honum kann að áskotnast á annan hátt til styrkveitinga í samræmi við 5. gr.